



Mánaðarlegt rekstraruppgjör

A-hluta

Reykjavíkurborgar

janúar – mars 2023

## Borgarráð

Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur nú fram uppgjör fyrir A-hluta Reykjavíkurborgar tímabilið janúar – mars 2023 ásamt greinargerð. Tilgangurinn er að gefa borgarráði tímanlegar vísendingar um þróun rekstrar A-hluta borgarinnar vegna stefnumótunar- og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa.

Mikilvægt er að hafa eftirfarandi atriði í huga við yfirferð rekstraruppgjörsins:

- Uppgjörið er ekki endurskoðað eða með könnunaráritun ytri endurskoðanda.

Í eftirfarandi skýrslu er að finna samantekt á helstu niðurstöðum uppgjörsins og ábendingum fjármála- og áhættustýringarsviðs ásamt rekstrarreikningi fyrir tímabilið, stöðu efnahags í lok tímabils og sjóðstreymi A-hluta. Þar á eftir fylgja greinargerðir einstakra fagsviða um helstu frávik milli fjárhagsáætlunar og niðurstöðu tímabilsins (raun). Í skýrslunni er jafnframt gert grein fyrir frávikum í skatttekjum, fjármagnsliðum og framlögum til B-hluta fyrirtækja.


Reykjavík, 29. júní 2023

*Halldóra Káradóttir,*  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

1. Samandregnar niðurstöður .....	1
2. Árshlutauppgjör A-hluta .....	8
2.1. Fjármagnsliðir A-hluta .....	12
2.2. Aðalsjóður .....	13
2.3. Eignasjóður .....	15
3. Nánar um A-hluta .....	16
3.1 Aðalsjóður .....	16
3.1.1 Menningar- og íþróttasvið .....	16
3.1.2 Skóla- og frístundasvið .....	18
3.1.3 Umhverfis- og skipulagssvið .....	28
3.1.4 Velferðarsvið .....	29
3.1.4.1 Velferðarsvið - bundnir liðir .....	32
3.1.5 Skrifstofur miðlægrar stjórnslu .....	34
3.1.6 Sameiginlegur kostnaður .....	35
3.1.7 Fjármála- og áhættustýringarsvið .....	36
3.1.8 Mannauðs- og starfsumhverfissvið .....	37
3.1.9 Þjónustu- og nýsköpunarsvið .....	38
3.1.10 Framlög til B-hluta fyrirtækja .....	39
3.2 Eignasjóður .....	40
3.2.1 Eignaskrifstofa (ESR) .....	40
3.2.2 Skrifstofa miðlægrar stjórnslu (RHS ES) .....	41
3.2.3 Umhverfis- og skipulagssvið (ES) .....	42
Viðauki 1: Rekstraryfirlit Aðalsjóðs .....	43
Viðauki 2: Málaflokkayfirlit Aðalsjóðs .....	43
Viðauki 3: Rekstraryfirlit sviða Aðalsjóðs .....	44
Viðauki 4: Rekstraryfirlit Eignasjóðs .....	45
Viðauki 5: Rekstur Eignaskrifstofu (ESR) .....	45
Viðauki 6: Rekstur Skrifstofa miðlægrar stjórnslu (RHS ES) .....	46
Viðauki 7: Rekstur Umhverfis- og skipulagssviðs Eignasjóðs (USK) .....	46
Viðauki 8: Fjárfestingayfirlit Eignasjóðs .....	47

---


# 1. Samandregnar niðurstöður



Rekstur A-hluta (í m.kr.)	Raun 2023-03	Áætlun	Frávik	%	Raun 2022-03	Breyting	%
Staðgreiðsla	29.043	26.880	2.163	8,0%	24.477	4.567	18,7%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-3.866	-3.611	-255	7,1%	-2.967	-899	30,3%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	-485	0	-485	n/a	-536	51	-9,4%
<b>Nettó útsvar</b>	<b>24.693</b>	<b>23.269</b>	<b>1.423</b>	<b>6,1%</b>	<b>20.974</b>	<b>3.718</b>	<b>17,7%</b>
Fasteignaskattar	6.275	6.286	-11	-0,2%	5.488	787	14,3%
Lóðarleiga	575	528	47	8,9%	521	54	10,4%
Afskrifaðir/niðurfærðir fasteignaskattar, breyting	0	0	0		0	0	
<b>Fasteignaskattar samtals</b>	<b>6.850</b>	<b>6.813</b>	<b>36</b>	<b>0,5%</b>	<b>6.009</b>	<b>841</b>	<b>14,0%</b>
<b>Skatttekjur samtals</b>	<b>31.542</b>	<b>30.083</b>	<b>1.459</b>	<b>4,9%</b>	<b>26.983</b>	<b>4.559</b>	<b>16,9%</b>
Framlög Jöfnunarsjóðs	2.867	2.800	66	2,4%	2.105	761	36,1%
Þjónustutekjur	3.449	3.354	95	2,8%	3.086	363	11,8%
Eignatekjur	7.454	7.363	91	1,2%	7.024	429	6,1%
Sala byggingaréttar	554	1.248	-694	-55,6%	1.235	-681	-55,1%
Söluhagnaður eigna	508	60	448	746,8%	355	153	43,1%
Endurgreiðslur annarra	1.735	1.343	392	29,2%	1.549	186	12,0%
Aðrar tekjur	723	724	-1	-0,1%	649	75	11,5%
Millividdskipti tekin út	-8.063	-8.000	-63	0,8%	-7.676	-387	5,0%
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>40.769</b>	<b>38.974</b>	<b>1.794</b>	<b>4,6%</b>	<b>35.310</b>	<b>5.458</b>	<b>15,5%</b>
Laun og launatengd gjöld	-22.487	-21.607	-879	4,1%	-21.362	-1.125	5,3%
Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar við LsRb.	-375	-375	0	0,0%	-675	300	-44,4%
<b>Launakostnaður samtals</b>	<b>-22.862</b>	<b>-21.982</b>	<b>-879</b>	<b>4,0%</b>	<b>-22.037</b>	<b>-825</b>	<b>3,7%</b>
Annar rekstrarkostnaður	-16.601	-14.913	-1.688	11,3%	-14.258	-2.343	16,4%
Afskriftir	-2.070	-2.031	-39	1,9%	-1.722	-348	20,2%
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>-41.533</b>	<b>-38.927</b>	<b>-2.606</b>	<b>6,7%</b>	<b>-38.016</b>	<b>-3.516</b>	<b>9,2%</b>
Fjármagnsliðir og hlutd. í afkomu hlutdeildarf.	-3.209	-2.214	-995	44,9%	-2.087	-1.123	53,8%
<b>EBITDA</b>	<b>1.306</b>	<b>2.078</b>	<b>-773</b>	<b>-37,2%</b>	<b>-984</b>	<b>2.290</b>	<b>-232,7%</b>
<b>EBIT</b>	<b>-764</b>	<b>47</b>	<b>-812</b>	<b>-1712,7%</b>	<b>-2.706</b>	<b>1.942</b>	<b>-71,8%</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-3.974</b>	<b>-2.167</b>	<b>-1.807</b>	<b>83,4%</b>	<b>-4.793</b>	<b>819</b>	<b>-17,1%</b>

**Rekstrarniðurstaða A-hluta** sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði var neikvæð um 3.974 m.kr. sem var 1.807 m.kr. lakari niðurstaða en áætlað var.

**Grunnreksturinn**, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) var jákvæður um 1.306 m.kr. sem var um 773 m.kr. lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir, þar af voru rekstrartekjur samtals 1.794 m.kr. yfir áætlun og rekstrargjöld að afskriftum undanskildum voru um 2.567 m.kr. yfir áætlun.



**Tekjur:** Skatttekjur voru 31.542 m.kr. eða 1.459 m.kr. yfir áætlun, þar af var **staðgreiðsla útsvars** 2.163 m.kr. yfir áætlun. Staðgreiðsla útsvars hækkaði um 4,6 ma.kr. borið saman við sama tímabil 2022. Frávikið frá áætlun má aðallega rekja til þess að launahækkningar vegna nýgerðra kjarasamninga voru talsvert umfram forsendur áætlunar. Þannig hækkaði launavísitalan um 9,2% fyrstu þrjú mánuði ársins frá fyrra ári en áætlun gerði ráð fyrir 5,9%. Til viðbótar hefur einnig fjöldi starfandi í Reykjavík aukist meira en gert var ráð fyrir. Útsvarsprósenta var hækkuð um 0,22% í ársbyrjun sem skýrir að hluta til hækkun á milli ára.

**Fasteignaskattar** voru á pari við áætlun en hækkuðu um 841 m.kr. borið saman við tímabil 2022. **Endurgreiðslur annarra** námu 1.735 m.kr. og voru 392 m.kr. yfir áætlun, einkum frá ríki og öðrum sveitarfélögum en endurgreiðslur frá þeim voru 297 m.kr. yfir áætlun. **Sala byggingaréttar** nam 554 m.kr. og var 694 m.kr. undir áætlun. **Söluhagnaður eigna** nam 508 m.kr. og var 448 m.kr. yfir áætlun. **Þjónustutekjur** námu 3.449 m.kr. og voru 95 m.kr. yfir áætlun.

**Gjöld:** **Laun og launatengd gjöld** voru 22.487 m.kr. eða um 879 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,1%. Frávik í launakostnaði voru mest á skóla- og frístundasviði sem var 665 m.kr. umfram fjárheimildir, ásamt velferðarsviði sem var 178 m.kr. umfram fjárheimildir. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar** vegna LsRb nam 375 m.kr. gjaldfært er í samræmi við áætlun. **Annar rekstrarkostnaður** nam 16.601 m.kr. og var um 1.688 m.kr. umfram fjárheimildir. Ósamþykktir reikningar í lok mars sem færast í apríl námu 255 m.kr. þar af voru reikningar vegna fjárfestinga 80 m.kr. **Fjármagnsgjöld** að frádregnum fjármunatekjum voru 995 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir aðallega vegna hærri verðbólgu en vísitala neysluverðs á tímabilinu hækkaði um 2,85% en áætlun gerði ráð fyrir 1,4% hækkun.

Rekstur málaflokka (í m.kr.)	Niðurstaða jan.-mars 2023	Áætlun jan.-mars 2023	Frávik	%	Nettó útgjöld málaflokka í hlutfalli af skatttekjum A-hluta
Fjármála- og áhættustýringarsvið	351	357	-6	-2%	1%
Framlög til B-hluta fyrirtækja	1.232	1.235	-3	0%	4%
Menningar- og íþróttasvið	4.813	4.759	54	1%	14%
Mannauðs- og starfsþróunarsvið	100	102	-2	-2%	0%
Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu	533	521	12	2%	2%
Skóla- og frístundasvið	17.706	16.515	1.191	7%	51%
Umhverfis- og skipulagssvið Aðalsjóðs	2.959	2.354	605	26%	9%
Velferðarsvið án bundinna liða	8.772	8.686	86	1%	25%
Velferðarsvið, bundnir liðir	1.500	1.442	58	4%	4%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	885	923	-38	-4%	3%
Sameiginlegur kostnaður án lífeyrisskuldbindinga við LsRb	976	910	66	7%	3%
Lífeyrisskuldbindingar við LsRb	375	375	0	0%	1%
<b>Málaflokkar Aðalsjóðs samtals</b>	<b>40.203</b>	<b>38.179</b>	<b>2.024</b>	<b>5%</b>	<b>117%</b>
<b>Skatttekjur A-hluta og framlög Jöfnunarsjóðs íslenskra sveitarfélaga</b>					<b>34.409</b>
Eignaskrifstofa	-5.220	-4.747	-473	10%	
Skrifstofur miðlægrar stjórnarsýslu ES	-478	-1.166	687	-59%	
Umhverfis- og skipulagssvið Eignarsjóðs	681	570	111	19%	
<b>Málaflokkar Eignarsjóðs samtals</b>	<b>-5.018</b>	<b>-5.343</b>	<b>325</b>	<b>-6%</b>	

Helstu frávik frá áætlun eru hjá skóla- og frístundasviði sem var 1.191 m.kr. umfram fjárheimildir, laun og launatengd gjöld 665 m.kr. og annar rekstrarkostnaður 740 m.kr. umfram fjárheimildir. Umhverfis- og skipulagssviði í Aðalsjóði var 605 m.kr. umfram fjárheimildir að mestu vegna vetrarþjónustu en hún var 588 m.kr. umfram fjárheimildir.


Hjá Eignarsjóði voru helstu frávik hjá eignaskrifstofu 473 m.kr. yfir áætlun og skýrist það helst í leigutekjum sem voru 51 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir og í hagnaði af sölu fastafjármuna var 448 m.kr. yfir áætlun.

Frávik hjá skrifstofu miðlægrar stjórnarsýslu í Eignarsjóði skýrist einkum af að sala byggingaréttar var 694 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Skuldir og skuldbindingar A-hluta janúar - mars 2023							
í m.kr.	Staðan	Lántaka	Afborganir	Verðbreyting	Áfallnar skuldbindingar	Breyting	Staðan
	1.1.2023					skammtíma- skulda	
Lífeyrisskuldbinding*	39.603		-656		375		39.322
Langtímaskuldir*	101.743	7.073	-617	1.910			110.109
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki*	0		0	0			0
Leiguskuldbindingar*	11.845		-337	374			11.882
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	27					-27	0
Viðskiptaskuldir	6.150					-1.573	4.578
Skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki	1.631					-936	695
Fyrirframgr. (frá ríki v. Sléttuvegar)	80					0	80
Ógr. laun og launat.gj., áf. orlof	10.550					3.764	14.313
Aðrar skammtímaskuldir	2.856					378	3.234
	174.487	7.073	-1.610	2.283	375	1.606	184.213


\* ásamt næsta árs afborgunum

Hér má sjá yfirlit yfir þróun skulda og skuldbindinga frá áramótum. Lántökuáætlun ársins vegna framkvæmda hljóðar upp á 21.000 m.kr. og var í mars búið að taka lán að fjárhæð 7.073 m.kr. Hækkun ógreiddra launa og launatengdra gjalda má rekja til þess að laun vegna desember 2022 voru greidd 31.12.2022 en laun fyrir mars mánuð 1.4.2023. Undir þessum lið er ógreitt áfallið orlof sem nam 7,2 ma.kr.



Hér má sjá þróun hreinna skulda og hreinna vaxtaberandi<sup>1</sup> skulda A-hluta frá árinu 2019. Breytingar á **hreinum vaxtaberandi skuldum** á fyrstu þremur mánuðum ársins 2023 má að mestu rekja til lántöku tímabilsins og hækkun handbærs fjár. Aukningin í **hreinum skuldum** má auk þess að mestu rekja til að launaútborgun vegna mars var greidd 1. apríl.


**Athygli er vakin** á að við útreikning á hlutfalli hreinna skulda og hreinna vaxtaberandi skulda af tekjum er nauðsynlegt að skala tekjur upp m.v. heilt ár.




**Handbært fé** frá áramótum til loka mars hækkaði um 3.366 m.kr. Fjárfestingar að frádregnum greiddum gatnagerðagjöldum og byggingarétti námu 3.805 m.kr. Lántaka nam 7.073 m.kr. Afborganir lána og leiguskulda voru 954 m.kr.

<sup>1</sup> Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum vaxtaberandi langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfaeign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.

Hreinar skuldir eru allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum langtímakröfum á eigin fyrirtæki, fyrirframgreiddum kostnaði, öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.



Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var neikvætt um **1,6%** á fyrstu þremur mánuðum ársins 2023.



**Fjármögnun A-hluta og greiðslugeta** gagnvart fjárfestingum og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga hjá LsRb er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur.

**Fjárhagsleg markmið og mælikvarðar** sem Reykjavíkurborg hefur sett sér í fjármálastefnu fyrir árin 2023-2027 eru eftir farandi:

1. Rekstrarniðurstaða verði jákvæð frá og með árinu 2025.
2. Launakostnaður verði að hámarki 80% af samanlögðum útsvars- og Jöfnunarsjóðstekjum frá og með árinu 2025.
3. Veltufé frá rekstri verði yfir 7,5% af tekjum frá árinu 2025.
4. Veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum lána og skuldbindinga frá og með árinu 2025.
5. Lántaka nemi að hámarki 70% af fjárfestingum ársins frá og með árinu 2025.
6. Skuldaviðmið A-hluta fari ekki yfir 100% af tekjum.
7. Lágmarksstaða handbærs fjár miði við 8 ma.kr.



Nr.	Mælikvarði	Markmið	2023_03	2023	2024	2025	2026	2027
1	Rekstramiðurstaða jákvæð (fjárhæðir í m.kr.)	> 0	✘ -3.974	✘ -5.991	🟡 2.166	🟢 6.035	🟢 7.067	🟢 9.631
2	Hlutfall launakostnaðar	< 80%	✘ 83%	✘ 86%	✘ 82%	🟡 81%	🟢 80%	🟢 80%
3	Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum	> 7,5%	✘ -1,6%	✘ 2,2%	✘ 5,9%	🟢 7,6%	🟢 7,8%	🟢 8,5%
4	Veltufé frá rekstri á móti afborgunum lána og skuldbindinga	> 1,0	✘ -0,7	✘ 0,4	✘ 0,7	🟢 1,1	🟢 1,1	🟢 1,1
5*	Lántaka að hámarki 70% af fjárfestingum	< 70%	-	🟡 83%	🟡 80%	🟢 65%	🟢 64%	🟢 54%
6*	Skuldaviðmið fari ekki yfir 100% af tekjum	< 100%	-	🟢 85%	🟢 85%	🟢 86%	🟢 84%	🟢 79%
7	Lágmarksstaða handbærs fjár (fjárhæðir í m.kr.)	> 8 ma.kr.	🟢 13.587	🟢 10.950	🟢 9.317	🟢 8.826	🟢 8.754	🟢 9.572

\* Einungis reiknað og birt á ársgrundvelli

## Fjármála- og áhættustýringarvið vekur athygli á:

- Staðgreiðsla útsvars var 2.163 m.kr. yfir áætlun og hækkaði um 4,6 ma.kr. borið saman við sama tímabil 2022. Frávikið frá áætlun má aðallega rekja til þess að launahækkningar vegna nýgerðra kjarasamninga voru talsvert umfram forsendur áætlunar. Þannig hækkaði launavísitalan um 9,2% fyrstu þrjú mánuði ársins frá fyrra ári en áætlun gerði ráð fyrir 5,9%. Til viðbótar hefur einnig fjöldi starfandi í Reykjavík aukist meira en gert var ráð fyrir. Útsvarsprósenta var hækkuð um 0,22% í ársbyrjun sem skýrir að hluta til hækkun á milli ára.
- Fjármagnsliður var 995 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir aðallega vegna hærri verðbólgu en vísitala neysluverðs á tímabilinu hækkaði um 2,85% en áætlun gerði ráð fyrir 1,4% hækkun.
- Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var neikvætt um 1,6% á tímabilinu. Þetta hlutfall hefur verið veikt síðustu tvö ár vegna mikilla útgjalda í kjölfar Covid-19. Þess má geta að þetta hlutfall er yfirleitt lægra á fyrri hluta ársins hjá Reykjavíkurborg en á þeim síðari þannig að það er örlítill árstíðarbundin sveifla í þessu hlutfalli.
- Gatnalán Eignasjóðs við Aðalsjóðs að fjárhæð 35,2 ma.kr. voru greidd upp í ársbyrjun 2023 í samræmi við tillögur um breytingu á innri leigu sem samþykktar voru í borgarráði 13. október 2022<sup>2</sup> og viðskiptareikningur milli sjóðanna var lækkaður á móti. Uppgreiðsla þessara lána hefur engin áhrif á A-hlutann þar sem allar færslur vegna þeirra voru jöfnuð út í milliviðskiptum og samstæðufærslum.

## Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarviðs:

- Heildarkostnaður Reykjavíkurborgar árið 2022 vegna málefna fatlaðs fólks að meðtalinni lengdri viðveru fatlaðra barna nam 19.804 m.kr. en tekjur námu aðeins 10.525 m.kr. Heildarniðurstaða var því neikvæð um 9.280 m.kr. Vorið 2022 var skipaður starfshópur með fulltrúum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, innviðaráðuneytisins, félagsmála- og vinnumarkaðsráðuneytisins, heilbrigðisráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga sem stýrt er af Haraldi Líndal Haraldssyni um mótun tillagna um kostnaðarskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlað fólk. Hópnum var ætlað að skila tillögum fyrir lok apríl mánaðar 2023. Enn hefur ekki fengist niðurstaða í þessari vinnu. Fram hefur komið að halli á málaflöknum árið 2021 á landsvísu var 14,2 ma.kr. Þá liggur fyrir áætlun um að eyða biðlistum eftir húsnæðisúrræði geti kostað að lágmarki 10-11 ma.kr. Alþingi samþykkti í lok árs 2022 að hækka útsvar um 0,22%-stig eða um 5 ma.kr. vegna þessa. Þetta leysir einungis brot af vandanum. Mikilvægt er að ásættanleg niðurstaða fái stöð í samningum við ríkið um fjármögnun málaflöksins þar sem núverandi staða ógnar sjálfbærni sveitarfélaga. Ljóst er að áframhaldandi uppbygging þjónustunnar veltur á þessu.
- Í borgarreknum grunnskólum að frátöldum sérskólum er raunkostnaður 430 m.kr. eða 5,3% umfram fjárheimildir, þar af námu óreglulegir liðir 72 m.kr. Sviðið glímur við mikil viðbótarútgjöld vegna barna af erlendum uppruna sem hefur ekki verið fjármagnaður af hálfu ríkisins. Mikilvægt er að ríkið fjármagni aðstoð við þessi börn. Þá er áriðandi að sviðið framfylgi leikreglum um viðbrögð við rekstrarfrávikum í borgarreknum grunnskólum.
- Í borgarreknum leikskólum er raunkostnaður 705 m.kr. eða 17,3% umfram fjárheimildir. Rekstur leikskóla hefur verið í verulegum halla frá hausti 2020. Útgjöld vegna leikskóla á föstu verðlagi hafa frá árinu 2019 aukist um 12% miðað við fyrstu 3 mánuði ársins á meðan barnafjöldi hefur aðeins aukist um 2,8%. Hluti af skýringunni er að gjaldskrártekjur hafa rýrnað og voru á síðasta ári aðeins 6,9%. Það er afar mikilvægt að komið sé á jafnvægi í rekstri leikskóla og hraða innleiðingu á nýju leikskólalíkani. Auk þess er mikilvægt að móta stefnu borgarinnar um kostnaðarpátttöku foreldra vegna reksturs leikskóla.

<sup>2</sup> FAS22100014

- Ekki hefur tekist að fullmanna leikskóla borgarinnar sem leiðir til þess að rekstrarleyfi eru ekki fullnýtt. Mikilvægt er að við áætlun um uppbyggingu nýrra leikskólaryma taki mið af raunhæfu mati á mönnun leikskóla.
- Vetrarþjónusta Reykjavíkurborgar var 588 m.kr. umfram fjárheimildir á fyrstu þremur mánuðum ársins vegna þess að veturinn var afar snjópungur. Hér er um afar mikinn kostnaðarauka að ræða umfram fjárheimildir. Fyrirliggja tillögur stýrihóps um vetrarþjónustu sem kallar á að aukið fjármagn. Mikilvægt er að við innleiðingu aðgerðanna verði leitað hagkvæmstu leiða við útfærslu og framkvæmd.
- Stuðnings- og stoðþjónusta var 58 m.kr. umfram fjárheimildir eða 8%. Útgjöld hafa farið vaxandi á síðustu árum ekki síst í ljósi innleiðingu laga nr. 38/2018. Framúrkeyrslan á tímabilinu er vísbending um að útgjöld séu að þróast með óhagstæðum hætti. Mikilvægt er að reglur Reykjavíkurborgar rammi inn stefnu borgarinnar og viðeigandi þjónustustig þannig að þjónustan rúmist innan fjárheimilda.
- Útgjöld vegna barna með alvarlegar geð- og hegðunarraskanir voru 132 m.kr. umfram fjárheimildir, þar af voru útgjöld vegna barnaverndar 70 m.kr. Kostnaður hefur aukist afar mikið á síðustu árum. Þá hefur meðferðarheimilum Barnaverndarstofu hefur verið lokað, einu af öðru á undarnförnum áratugum en kostnaði vegna vistana velt yfir á sveitarfélögin. Hér er um mjög alvarlega stöðu að ræða þar sem útgjöld hafa hækkað mikið á síðustu árum. Þörf er á frekari stefnumörkun um hvernig tekist er á við þennan vanda, kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og markvissum áætlunum til úrbóta.

## 2. Árshlutauppgjör A-hluta

# Rekstrarreikningur janúar - mars 2023

		A-hluti	
	Árshlutareikningur jan. - mars 2023	Fjárhagsáætlun jan. - mars 2023	Árshlutareikningur jan. - mars 2022
<b>REKSTRARTEKJUR</b>			
Skatttekjur .....	31.542.310	30.082.814	26.982.850
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....	2.866.584	2.800.433	2.105.498
Aðrar tekjur .....	6.359.652	6.091.017	6.221.872
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>40.768.545</b>	<b>38.974.264</b>	<b>35.310.220</b>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	22.486.605	21.607.388	21.361.640
Hækkun lífeyrisskuldbindinga .....	375.000	375.000	675.000
Annar rekstrarkostnaður .....	16.601.108	14.913.427	14.257.652
Afskriftir fastafjármuna .....	2.070.142	2.031.056	1.722.163
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>41.532.856</b>	<b>38.926.870</b>	<b>38.016.455</b>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 764.310 )	47.394	( 2.706.235 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 3.209.363 )	( 2.214.422 )	( 2.086.788 )
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<b>( 3.973.673 )</b>	<b>( 2.167.028 )</b>	<b>( 4.793.023 )</b>

# Efnahagsreikningur 31. mars 2023

## Eignir

	A-hluti	
	Árshlutareikningur 31.03.2023	Ársreikningur 31.12.2022
<b>FASTAFJÁRMUNIR</b>		
Óefnislegar eignir .....	3.845.371	3.776.942
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteignir .....	152.592.329	149.614.554
Gatnakerfi .....	33.883.804	34.372.029
Áhöld og tæki .....	7.340.475	7.361.892
Leigðar eignir .....	4.974.436	5.153.620
	<b>198.791.043</b>	<b>196.502.096</b>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutar í félögum .....	14.984.190	14.817.627
Fyrirframgreiddur kostnaður, Brú lífeyrissj. ....	8.378.550	8.474.839
Aðrar langtímakröfur .....	1.353.480	1.296.581
	<b>24.716.220</b>	<b>24.589.047</b>
	<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>224.868.085</b>
	<b>227.352.635</b>	<b>224.868.085</b>
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>		
Skammtímakröfur:		
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur .....	17.015.774	18.048.559
Næsta árs afborganir annarra langtímakr. ....	860.249	860.707
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....	492.685	274.975
Fyrirframgreiddur kostnaður, Brú lífeyrissj. ....	388.081	388.081
Aðrar skammtímakröfur .....	3.163.972	2.435.681
Handbært fé .....	13.576.701	10.220.904
	<b>35.497.463</b>	<b>32.228.906</b>
	<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>32.228.906</b>
	<b>35.497.463</b>	<b>32.228.906</b>
<b>EIGNIR SAMTALS .....</b>	<b>262.850.097</b>	<b>257.096.991</b>

# Efnahagsreikningur 31. mars 2023

## Eigið fé og skuldir

	A-hluti	
	Árshlutareikningur 31.03.2023	Ársreikningur 31.12.2022
<b>EIGIÐ FÉ</b>		
Eiginfjárreikningur .....	78.636.745	82.610.418
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>78.636.745</b>	<b>82.610.418</b>
<b>SKULDBINDINGAR</b>		
Lífeyrisskuldbinding .....	36.657.905	36.939.280
<b>Skuldbindingar samtals</b>	<b>36.657.905</b>	<b>36.939.280</b>
<b>LANGTÍMASKULDIR</b>		
Langtímalán .....	104.794.273	96.829.378
Leiguskuldir .....	10.472.239	10.492.407
<b>Langtímaskuldir samtals</b>	<b>115.266.512</b>	<b>107.321.784</b>
<b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>		
Skuldir við lánastofnanir .....	0	27.060
Viðskiptaskuldir .....	4.577.550	6.150.087
Næsta árs afborganir langtímalána .....	5.314.872	4.913.967
Næsta árs afborganir leiguskulda .....	1.409.585	1.352.812
Skammtímahluti lífeyrisskuldbindingar .....	2.664.000	2.664.000
Skuldir við eigin fyrirtæki .....	694.888	1.631.315
Fyrirfram innheimt .....	80.409	80.409
Aðrar skammtímaskuldir .....	17.547.630	13.405.858
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>32.288.935</b>	<b>30.225.509</b>
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>	<b>184.213.352</b>	<b>174.486.573</b>
<b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS</b> .....	<b>262.850.097</b>	<b>257.096.991</b>

# Yfirlit um sjóðstreymi janúar - mars 2023

	Árshlutareikningur jan. - mars 2023	Fjárhagsáætlun jan. - mars 2023	Árshlutareikningur jan. - mars 2022
<b>REKSTRARHREYFINGAR</b>			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi .....	( 3.973.673 )	( 2.167.028 )	( 4.793.023 )
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna .....	( 1.062.072 )	( 1.308.000 )	( 1.589.943 )
Reiknaðar afskriftir .....	2.070.142	2.031.056	1.722.163
Verðbætur, afföll og gengismunur .....	2.282.015	1.418.085	1.362.274
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	375.000	375.000	675.000
Niðurfærsla langtímakrafna .....	( 358.763 )	0	0
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>( 667.351 )</b>	<b>349.113</b>	<b>( 2.623.529 )</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun), lækkun .....	182.863	615.575	1.360.686
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun .....	2.617.608	0	2.978.435
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna ársins .....	( 656.375 )	( 650.000 )	( 595.631 )
Fyrirframgreitt framlag til Brúar Isj, breyting .....	96.289	96.289	96.289
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>	<b>2.240.385</b>	<b>61.864</b>	<b>3.839.778</b>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>1.573.034</b>	<b>410.977</b>	<b>1.216.249</b>
<b>FJÁRFESTINGARHREYFINGAR</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	( 5.195.871 )	( 4.903.500 )	( 3.507.354 )
Fjárfesting í ófalislegum eignum .....	( 306.514 )	( 287.000 )	( 471.399 )
Innborguð gatnagerðargjöld .....	702.826	625.000	324.257
Sala byggingarréttar .....	553.987	1.248.000	1.234.832
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....	440.125	60.000	357.810
Breyting á eignarhlutum .....	( 166.563 )	( 537.554 )	0
Skammtímalíðir vegna fjárfestinga .....	( 984.800 )	( 984.800 )	0
Langtímakröfur, breyting .....	647.667	674.699	146.789
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>( 4.309.143 )</b>	<b>( 4.105.155 )</b>	<b>( 1.915.065 )</b>
<b>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR</b>			
Tekin ný langtímalán .....	7.072.909	5.250.000	4.617.799
Afborganir langtímalána .....	( 616.954 )	( 710.475 )	( 469.367 )
Afborganir leiguskulda .....	( 336.988 )	( 321.371 )	( 279.089 )
Skammtímaskuldir við lánastofnanir .....	( 27.060 )	0	174.821
Aðrar hreyfingar .....	0	0	( 31.563 )
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>6.091.906</b>	<b>4.218.154</b>	<b>4.012.601</b>
<b>HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ .....</b>	<b>3.355.798</b>	<b>523.976</b>	<b>3.313.785</b>
<b>HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN .....</b>	<b>10.220.904</b>	<b>14.913.942</b>	<b>15.276.111</b>
<b>HANDBÆRT FÉ Í LOK TÍMABILS .....</b>	<b>13.576.701</b>	<b>15.437.918</b>	<b>18.589.896</b>
<b>FJÁRFESTING OG FJÁRMÖGNUN ÁN GREIÐSLUÁHRIFA</b>			
Langtímakröfur .....	( 440.000 )	0	0
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....	440.000	0	0

## 2.1. Fjármagnsliðir A-hluta

Fjármagnsliður A-hluta 2023 (í m.kr.)	Raun	Áætlun	Frávik
Ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár	202	189	-12
Vaxtatekjur afskatttekjum	19	15	-4
Aðrar vaxtatekjur	2	1	-1
Vaxta- og verðb. tekjur frá B-hluta	0	0	0
Dráttarvaxtatekjur	33	39	6
Tekjur af ábyrgðargjaldi	111	90	-21
Arður	0	0	0
<b>Fjármunatekjur samtals</b>	<b>368</b>	<b>334</b>	<b>-33</b>
Vaxta og verðbóttagjöld	-3.471	-2.484	986
Dráttarvaxtagjöld	0	-1	-1
Fjármagnstekjuskattur	-49	-35	13
Lántökukostnaður	-58	-28	30
<b>Fjármagnsgjöld samtals</b>	<b>-3.577</b>	<b>-2.549</b>	<b>1.028</b>
<b>Samtals</b>	<b>-3.209</b>	<b>-2.214</b>	<b>995</b>

**Fjármagnsliður A-hluta** á tímabilinu var neikvæður um 3.209 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að hann yrði neikvæður um 2.214 m.kr. Nettó fjármagnsgjöld voru því 995 m.kr. hærrí en áætlanir gerðu ráð fyrir. Frávik frá áætlun skýrist fyrst og fremst af vaxta- og verðbóttagjöldum sem voru 986 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir vegna hærrí verðbólgu á tímabilinu. Fjármagnstekjuskattur var 13 m.kr. hærrí en áætlun gerði ráð fyrir og lántökukostnaður var 30 m.kr. yfir áætlun. Fjármunatekjur voru 33 m.kr. yfir áætlun. Ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár var 12 m.kr. yfir áætlun og tekjur af ábyrgðargjaldi 21 m.kr. yfir áætlun.

**Lausafjárstyring:** Ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár það sem af er ári var jákvæð um 202 m.kr.

Heildarfjármunir í skuldabréfasafni borgarinnar hjá Íslenskum verðbréfum í lok mars námu 6.909 m.kr. og var ávöxtun þess 1,48% frá áramótum. Ávöxtun skuldabréfasafnsins var -4,41% miðað við síðustu 12 mánuði.

**Handbært fé** A-hluta í lok mars var 13.577 m.kr. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að staða á handbæru fé væri um 15.438 m.kr.

**Lánastýring:** Staða lána í A-hluta án leiguskulda var 110.109 m.kr. í lok mars en var 101.743 m.kr. í upphafi árs. Breytingin samanstendur af nýrri lántöku 7.073 m.kr. 1.910 m.kr. í áföllnum verðbótum og til lækkunar eru afborganir lána 617 m.kr.

**Lántökuáætlun** ársins vegna framkvæmda hljóðar upp á 21.000 m.kr. og var í mars búið að taka lán að fjárhæð 7.073 m.kr. að markaðsvirði og er því ónýtt lántökuheimild í lok mars 13.927 m.kr. Gert er ráð fyrir að fara í regluleg skuldabréfaútböð á árinu en einnig kemur til greina að fjármögnun fari fram með beinni lántöku eða með öðrum hætti. Á fyrsta ársfjórðungi var selt í skuldabréfaflokknum RVKN 35 1 fyrir 869 m.kr. að markaðsvirði og í skuldabréfaflokknum RVK 53 1 fyrir 3.204 m.kr. að markaðsvirði. Reykjavíkurborg gerði samning við Íslandsbanka um óverðtryggt langtímalán til 10 ára í janúar 2023. Á grundvelli þessa samnings var í mars gerður lánsamningur að fjárhæð 3.000 m.kr. Ónýtt heimild til lántöku skv. þessum samningi eru 3.000 m.kr.

	RVK 35 1	RVK 53 1	Lánarammi	Pr. mán
Janúar	180.859	2.678.391		2.859.250
Febrúar	688.237	525.422		1.213.659
Mars			3.000.000	3.000.000
<b>Samtals</b>	<b>869.096</b>	<b>3.203.813</b>	<b>3.000.000</b>	<b>7.072.909</b>

Fjárhæðir í þús. kr.

**Innheimtur:** Málum í löginneimtu fækkaði um rúm 38% milli ára en í fjárhæðum var lækkunin um 30%. Málum í milliinneimtu fjölgaði um 32% en í fjárhæðum var lækkun um 1%. Nokkrar stórar kröfur í Eignasjóði eru í löginneimtu um þessar mundir.

	31.3.2022		31.3.2023	
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð
Mál í löginneimtu	1.114	764.289	684	534.362
Kröfur í milliinneimtu	7.098	794.711	9.390	785.678
<b>Samtals</b>	<b>8.212</b>	<b>1.558.999</b>	<b>10.074</b>	<b>1.320.040</b>


Fjárhæðir í þús. kr.

**Efnahagsmál:** Vísitala neysliverðs hækkaði um 0,59% milli febrúar og mars og lækkaði ársverðbólga milli mánaða úr 10,2% í 9,8%. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 5,6% ársverðbólguhækkun á árinu 2023. Frá ársbyrjun hefur vísitala neysliverðs hækkað um 2,85%<sup>3</sup> samanborið við 1,4% sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

**Vaxtaþróun:** Meginvextir Seðlabanka Íslands voru hækkaðir í mars um 1,0% og voru 7,5% í lok tímabilsins.

<sup>3</sup> Skuldir Reykjavíkurborgar eru reiknaðar upp miðað við vísitölu neysliverðs til verðtryggingar og hefur hún hækkað um 2,9% á tímabilinu.

## 2.2. Aðalsjóður



Rekstur Aðalsjóðs (í m.kr.)	Raun 2023_03	Áætlun	Frávik	%	Raun 2022_03	Breyting	%
Staðgreiðsla	29.043	26.880	2.163	8,0%	24.477	4.567	18,7%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-3.866	-3.611	-255	7,1%	-2.967	-899	30,3%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	-485	0	-485	n/a	-536	51	-9,4%
<b>Nettó útsvar</b>	<b>24.693</b>	<b>23.269</b>	<b>1.423</b>	<b>6,1%</b>	<b>20.974</b>	<b>3.718</b>	<b>17,7%</b>
Fasteignaskattar	7.471	7.429	42	0,56%	6.564	907	13,8%
<b>Skatttekjur samtals</b>	<b>32.163</b>	<b>30.698</b>	<b>1.465</b>	<b>4,8%</b>	<b>27.538</b>	<b>4.625</b>	<b>16,8%</b>
Endurgeiðslur annarra:							
Gr. frá ríkissjóði v. heimahjúkrunar	568	609	-41	-6,8%	558	10	1,7%
Gr. frá ríkissjóði v. þjónustu við hælisleitendur	215	195	20	10,0%	187	27	14,6%
Uppgjör sveitarfélaga vegna skólakostn.	106	37	69	189,4%	268	-162	-60,6%
Aðrar greiðslur frá ríki og sveitarfélögum	746	449	297	66,1%	415	331	79,6%
Ýmsir styrkir	101	53	48	89,0%	120	-19	-16,1%
<b>Endurgeiðslur annarra samtals:</b>	<b>1.735</b>	<b>1.343</b>	<b>392</b>	<b>29,2%</b>	<b>1.549</b>	<b>186</b>	<b>12,0%</b>
Framlög Jöfnunarsjóðs	2.867	2.800	66	2,4%	2.105	761	36,1%
Þjónustutekjur	3.237	3.165	73	2,3%	2.937	300	10,2%
Eignatekjur	169	130	39	30,1%	81	88	108,5%
Aðrar tekjur	720	678	42	6,2%	647	72	11,2%
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>40.891</b>	<b>38.814</b>	<b>2.077</b>	<b>5,4%</b>	<b>34.859</b>	<b>6.033</b>	<b>17,3%</b>
Laun og launatengd gjöld	-22.061	-21.147	-915	4,3%	-20.903	-1.158	5,5%
Hækkun lífeyrisskuldbindingar LsRb	-375	-375	0	0,0%	-675	300	-44,4%
<b>Launakostnaður samtals</b>	<b>-22.436</b>	<b>-21.522</b>	<b>-915</b>	<b>4,3%</b>	<b>-21.578</b>	<b>-858</b>	<b>4,0%</b>
Annar rekstrarkostnaður	-23.628	-21.973	-1.655	7,5%	-21.209	-2.419	11,4%
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>-46.064</b>	<b>-43.494</b>	<b>-2.570</b>	<b>5,9%</b>	<b>-42.787</b>	<b>-3.277</b>	<b>7,7%</b>
Fjármagnsliðir	446	361	85	23,7%	1.317	-871	-66,1%
<b>EBITDA</b>	<b>-5.173</b>	<b>-4.680</b>	<b>-493</b>	<b>10,5%</b>	<b>-7.929</b>	<b>2.755</b>	<b>-34,8%</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-4.727</b>	<b>-4.319</b>	<b>-408</b>	<b>9,4%</b>	<b>-6.612</b>	<b>1.885</b>	<b>-28,5%</b>




**Rekstrarniðurstaðan var neikvæð um 4.727 m.kr.** sem var 408 m.kr. lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði (EBITDA) var neikvæð um 5.173 m.kr. eða um 493 m.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir.

**Rekstrartekjur Staðgreiðsla** var 2.163 yfir áætlun eða 8%. **Eftir álagt útsvar, skattbreytingar og niðurfærslur skatttekna** voru 485 m.kr. undir áætlun. **Fasteignaskattar** voru 42 m.kr. yfir áætlun. **Framlög Jöfnunarsjóðs** voru 66 m.kr. yfir áætlun. **Endurgreiðslur annarra** voru 392 m.kr. yfir áætlun einkum frá ríki og öðrum sveitarfélögum. **Þjónustutekjur** voru 73 m.kr. yfir áætlun og aðrar tekjur eru 42 m.kr. yfir áætlun.

**Rekstrargjöld** voru 2.570 m.kr. umfram fjárheimildir eða 5,9%. **Laun og launatengd gjöld** námu 22.061 m.kr. eða 915 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik í launakostnaði voru mest á skóla- og frístundasviði 665 m.kr. ásamt velferðarsviði án bundinna liða 159 m.kr. **Gjaldfærsla lífeyrisskuldbindingar** vegna LsRb nam 375 m.kr. en gjaldfært var í samræmi við áætlun. **Annar rekstrarkostnaður** var 23.628 m.kr. eða 1.655 m.kr. umfram fjárheimildir. Ósamþykktir og ógjaldfærðir reikningar hjá Aðalsjóði námu 167 m.kr.

**Nettó fjármunatekjur** voru 446 m.kr. eða 85 m.kr. yfir áætlun. Vaxtatekjur og verðbætur voru 124 m.kr. yfir áætlun ásamt vaxtagjöldum og verðbótum sem voru 48 m.kr. yfir fjárheimildum. Þessi frávik má að mestu rekja til hærri verðbólgu á tímabilinu en áætlun gerði ráð fyrir. Fjármagnstekjuskattur var 10 m.kr. yfir áætlun. Ástæður lægri vaxtatekna samanborið við janúar-mars 2022 skýrast af uppgreiðslu gatnalána Eignasjóðs í ársbyrjun.

## 2.3. Eignasjóður



Rekstur Eignasjóðs (í m.kr.)	Raun 2023_03	Áætlun	Frávik	%	Raun 2022_03	Breyting	%
Leigutekjur	7.284	7.233	52	0,7%	6.943	341	4,9%
Sala byggingaréttar	554	1.248	-694	-55,6%	1.235	-681	-55,1%
Sala fastafjármuna	508	60	448	746,8%	355	153	43,1%
Aðrar tekjur	215	235	-20	-8,5%	150	65	43,4%
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>8.562</b>	<b>8.776</b>	<b>-214</b>	<b>-2,4%</b>	<b>8.683</b>	<b>-122</b>	<b>-1,4%</b>
Laun og launatengd gjöld	-568	-621	53	-8,6%	-548	-20	3,6%
Annar rekstrarkostnaður	-905	-781	-125	16,0%	-633	-273	43,1%
Afskriftir	-2.070	-2.031	-39	1,9%	-1.722	-348	20,2%
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>-3.543</b>	<b>-3.433</b>	<b>-111</b>	<b>3,2%</b>	<b>-2.903</b>	<b>-640</b>	<b>22,0%</b>
Fjármagnsliðir	-3.655	-2.575	-1.080	41,9%	-3.404	-251	7,4%
<b>EBITDA</b>	<b>7.088</b>	<b>7.374</b>	<b>-286</b>	<b>-3,9%</b>	<b>7.502</b>	<b>-414</b>	<b>-5,5%</b>
<b>EBIT</b>	<b>5.018</b>	<b>5.343</b>	<b>-325</b>	<b>-6,1%</b>	<b>5.780</b>	<b>-762</b>	<b>-13,2%</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>1.363</b>	<b>2.768</b>	<b>-1.404</b>	<b>-50,7%</b>	<b>2.376</b>	<b>-1.013</b>	<b>-42,6%</b>

**Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 1.363 m.kr.** en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 2.768 m.kr. og var niðurstaðan því 1.404 m.kr. lakari en áætlað var.

**Rekstrartekjur** voru 8.562 m.kr. eða 214 m.kr. undir áætlun. **Leigutekjur** voru 7.284 m.kr. eða 52 m.kr. yfir áætlun sem skiptist þannig að ytri leiga var 18 m.kr. yfir áætlun og innri leiga var 32 m.kr. yfir áætlun. **Sala byggingaréttar** nam 554 m.kr. og var 694 m.kr. undir áætlun. **Sala fastafjármuna** skilaði hagnaði sem nam 508 m.kr. og var 448 m.kr. yfir áætlun og **aðrar tekjur** voru 215 m.kr. eða 20 m.kr. undir áætlun.

**Rekstrargjöld** námu 3.543 m.kr. eða 111 m.kr. umfram fjárheimildir. **Annar rekstrarkostnaður** var 905 m.kr. eða 125 m.kr. umfram fjárheimildir. Þar af var eignaskrifstofa 16 m.kr. innan fjárheimilda, skrifstofa miðlægrar stjórnáslu 5 m.kr. innan fjárheimilda og Umhverfis- og skipulagssvið 146 m.kr. umfram fjárheimildir.


**Nettó fjármagnsgjöld** voru 3.655 m.kr. eða 1.080 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem rekja má til hærri verðbólgu á tímabilinu.

**Fjárfestingar** á tímabilinu námu 5.502 m.kr. eða um 312 m.kr. yfir áætlun tímabilsins. Tekjur vegna gatnagerðargjalda námu 703 m.kr. eða 78 m.kr. yfir áætlun. Nettó fjárfesting tímabilsins nam 4.799 m.kr. og reyndist 234 m.kr. yfir því sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

## 3. Nánar um A-hluta

### 3.1 Aðalsjóður

#### 3.1.1 Menningar- og íþróttasvið




Rekstur MÍR (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	619	580	39	6,7%
Laun og launat. gj.	1.279	1.272	7	0,6%
Annar rekstrark.	4.153	4.067	86	2,1%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>4.813</b>	<b>4.759</b>	<b>54</b>	<b>1,1%</b>

Um áramót 2022/2023 voru menningar- og ferðamálasvið og íþrótt- og tómstundasvið sameinuð í eitt svið, menningar- og íþróttasvið. Fjárheimildir beggja sviða fyrir 2023 voru sameinaðar að frátölum fjárheimildum vegna viðburðateymis og Höfuðborgarstofu sem fluttust til skrifstofu borgarstjóra og borgarritara.

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri menningar- og íþróttasviðs fyrir tímabilið janúar – mars 2023 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikni raunniðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 4.813 m.kr.** sem var 54 m.kr. eða 1,1% umfram fjárheimildir.



#### Þjónustubættir MÍR

Málaflokkar MÍR (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2023	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2023	Frávik	Annar kosntaður	Áætlun 2023	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2023	Frávik	%
Yfirstjórn MÍR	0	0	0	87	84	3	12	14	-2	99	98	1	0,5%
Söfn	109	76	33	386	382	4	371	353	18	648	659	-11	-1,7%
Menningarborg	5	3	2	8	9	-1	751	793	-43	754	799	-45	-5,6%
Íþróttaborg	14	20	-6	19	18	1	2.308	2.237	71	2.313	2.235	78	3,5%
Útillífsborg	57	45	12	101	98	2	114	98	15	158	152	6	3,9%
Sundlaugar	306	294	12	448	442	6	443	432	11	585	580	5	0,9%
Skiðasvæði	98	134	-36	128	129	-1	100	67	33	131	63	68	107,3%
Hitt Húsið	6	7	-1	90	99	-9	24	33	-8	108	124	-17	-13,5%
Kynningarmál, sérverkefni og annað	23	1	23	11	10	1	31	40	-9	18	49	-31	-63,2%
<b>Samtals</b>	<b>619</b>	<b>580</b>	<b>39</b>	<b>1.279</b>	<b>1.272</b>	<b>7</b>	<b>4.153</b>	<b>4.067</b>	<b>86</b>	<b>4.813</b>	<b>4.759</b>	<b>54</b>	<b>1,1%</b>

**Yfirstjórn:** var 0,5 m.kr. umfram fjárheimildir, en laun voru tæpum 3 m.kr. umfram fjárheimildir sem rekja má til sameiningar sviðanna en annar rekstrarkostnaður var innan fjárheimilda.

**Söfn:** voru rúmum 11 m.kr. innan fjárheimilda, þar af var Borgarbókasafn um 9 m.kr. innan fjárheimilda, sem skýrist af stórum hluta af styrk sem mun fara út seinna á árinu. Borgarsögusafn var tæpar 2 m.kr. innan fjárheimilda en Listasafnið var ekki með teljandi frávik frá áætlun.

**Menningarborg:** var 45 m.kr. innan fjárheimilda vegna styrkja sem eru ógreiddir, telur þar mest styrkur til Sinfóníuhljómsveitar Íslands sem er bókaður í apríl.

**Íþróttaborg:** var 78,5 m.kr. umfram fjárheimildir og er þar umfangsmest rekstur gervigrasvalla sem var 62,8 m.kr. umfram fjárheimildir. Þessi umframkostnaður ætti að minnka verulega þegar líður á árið, en byrjun árs var óvenju köld auk þess sem það er farið að hafa áhrif að annar rekstrarkostnaður hefur lítið verið bættur síðustu ár.

**Útilífsborg:** var 6 m.kr. umfram fjárheimildir, en sá kostnaðarstaður sem var umfram fjárheimildir var fjölskyldu- og húsdýragarðurinn.


**Sundlaugar:** voru 5,5 m.kr. umfram fjárheimildir en bæði laun og annar rekstrarkostnaður var umfram fjárheimildir.

**Skíðasvæði:** voru tæpar 68 m.kr. umfram fjárheimildir. Starfsemin er mjög veðurháð og var mikið tekjufall fyrstu 3 mánuði ársins samanborið við 2022. Einnig er mikilvægt að yfirfara rekstrarkostnað og rekstrarform skíðasvæðanna svo rekstrarkostnaður fari ekki umfram fjárheimildir.

**Hitt húsið:** Hitt húsið var tæpum 17 m.kr. innan fjárheimilda, en útgjöld eru seinni en áætlun gerði ráð fyrir.

**Kynningarmál, sérverkefni og annað:** voru um 31 m.kr. innan fjárheimilda. Telur þar mest uppgjör vegna EFA kvikmyndahátíðar tæpar 20 m.kr. innan fjárheimilda auk þess sem kostnaður vegna sérverkefna fellur til seinna en áætlað var.


### 3.1.2 Skóla- og frístundasvið



Rekstur SFS (m.kr.)	Raun 2023	Áætlun 2023	Frávik	%
Tekjur	1.625	1.411	214	15,2%
Laun og launat. gj.	12.064	11.398	665	5,8%
Annar rekstark.	7.268	6.528	740	11,3%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>17.706</b>	<b>16.515</b>	<b>1.191</b>	<b>7,2%</b>

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri skóla- og frístundasviðs fyrir tímabilið janúar – mars 2023 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa frávikum raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 17.706 m.kr.** sem var 1.191 m.kr. umfram fjárheimildir eða 7,2%.



Tekjur á tímabilinu voru 214 m.kr. umfram áætlun eða 15,2%, þar af voru tekjur frá öðrum sveitarfélögum 141 m.kr. umfram áætlun og styrkir og framlög 38 m.kr. umfram áætlun. Launakostnaður var 665 m.kr. umfram áætlun eða 5,8% sem kemur m.a. til vegna mikillar aukningar í stuðningi og mikilla veikinda sem kallar á afleysingar. Annar rekstarkostnaður var 740 m.kr. umfram áætlun, sjá nánar sundurliðun hér að neðan.

Veikindahlutfall á tímabilinu janúar til mars 2023 var um 9,9% fyrir SFS í heild sem er mun hærra en það sem hefur verið undanfarin ár. Árin 2019-2021 voru veikindahlutföll 6,7 og 6,8%, en árið 2022 var hlutfallið 8,7%. Veikindaforföll á tímabilinu janúar til mars voru 11,6% í leikskólum, 9,4% í grunnskólum og 7,3% í frístundastarfi. Þessi forföll hafa haft í för með sér kostnað við afleysingu. Mikil skammtímaveikindi hafa valdið aukinni þörf á yfirvinnu á starfsstöðvum til að manna kennslu og aðra starfsemi.

SFS - sviðshlutar	Tekjur			Laun			Annar kostnaður			Samtals			%	
	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik (m.kr.)		
Grunnskólar	843	754	90	6.520	6.270	250	4.234	3.876	358	9.910	9.392	518	5,5%	Halli
Leikskólar	497	450	47	4.073	3.635	439	2.286	1.889	397	5.862	5.073	789	15,6%	Halli
Frístundastarf	243	185	59	1.083	1.113	-30	209	232	-23	1.049	1.160	-111	-9,6%	Afgangur
Skrifstofur SFS	21	8	13	290	282	8	107	89	19	376	363	13	3,7%	Halli
Listaskólar ofl.	20	14	6	97	99	-1	431	442	-11	508	527	-18	-3,5%	Afgangur
<b>Samtals</b>	<b>1.625</b>	<b>1.411</b>	<b>214</b>	<b>12.064</b>	<b>11.398</b>	<b>665</b>	<b>7.268</b>	<b>6.528</b>	<b>740</b>	<b>17.706</b>	<b>16.515</b>	<b>1.191</b>	<b>7,2%</b>	<b>Halli</b>

Mikil fjölgun barna af erlendum uppruna sem þarfnast stuðnings í námi vegna tungumálaerfiðleika og rofinnar skólagaöngu hefur leitt til mikillar hækkunar á launakostnaði hjá leik- og grunnskólum. Þessi skyndilega breyting á samsetningu nemenda gerir það að verkum að nýtt grunnskólalíkan nær ekki að fylgja eftir þeirri raunkostnaðaraukningu sem orðið hefur í skólakerfinu. Þessi fjölgun barna af erlendum uppruna var ófyrirséð en SFS hefur veitt þessum börnum alla þá þjónustu sem þurft hefur til að aðlagja þau að íslensku samfélagi.

Nýtt leikskólalíkan er í vinnslu sem á að varpa skýrara ljósi á úthlutun og fjárþörf leikskóla miðað við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra, en mikið ójafnvægi hefur verið milli rekstarkostnaðar og úthlutunar fjárheimilda til leikskóla á síðustu árum sem hefur komið fram sem mikill halli hjá nær öllum leikskólum.

Verðlagsbreytingar á síðustu mánuðum hafa verið mun meiri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, verður því enn meira frávik vegna hækkunar á verði aðfanga miðað við fjárheimildir sem tóku ekki hækkunum vegna verðlagsbreytinga. SFS hefur brugðist við hækkun á verði aðfanga með því að leita hagkvæmstu leiða við rekstur mótuneyta, leita hagkvæmstu innkaupa og draga úr endurnýjun tækja og búnaðar.

Lagt hefur verið í mikla greiningarvinnu í tengslum við hækkun á launakostnaði. Niðurstaðan hefur leitt í ljós að fjölgun barna af erlendum uppruna hefur aukið álag á kennara og starfsfólk í skólakerfinu. Eins og staðan er í dag hefur ekki fjármagn fylgt þessum börnum frá ríkinu nema að litlum hluta.

### Annar rekstrarkostnaður sviðsins greinist þannig:

Annar rekstrarkostnaður - SFS í heild	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
<b>Rekstrarkostnaður, án aðkomu stjórnenda</b>				
Innri leiga húsnæðis	2.836	2.811	24	0,9%
Rafmagn, hiti og vatn	131	116	15	13,4%
Einkareknir skólar og tónlistarskólar	1.893	1.799	94	5,2%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	253	198	55	28,0%
